

Úttekt á fuglafánu og flóru Gaddstaðaeyjar í Ytri-Rangá



20. ágúst 2024

Erpur Snær Hansen

Margrét Lilja Magnúsdóttir

Samantekt

244 einstaklingar sáust af 16 tegundum fugla, þar af þrjár tegundir á Válista Náttúrufræðistofnunar: Duggönd, tjaldur og stelkur. Þessar tegundir nýta svæðið til fæðuöflunar en ekki sáust ungar tjalds eða stelks svo ekki er hægt að útiloka varp þeirra. Skúf- eða duggandarkolla með sex litla unga sást á sundi (ekki náðist að tegundagreina af ljósmynd). Líklegar varptegundir eru skógarpröstur og hrossagaukur. Um 40 para sílamáfsvarp og um 11 para grágæsvarp eru algengastir varpfugla. Utan þessa eru árbakkar eyjarinnar notaðir til fæðuöflunar af nokkrum tegundum (Tafla 1.) og að öllum líkindum fleiri tegundum vatnafugla. Gróðurlendi Gaddstaðaejjar (1 km²) er tvískipt, miðja og strönd. Miðjuhlutinn er mun stærri og eru einkennandi gróðurvistir annarsvegar Língresis- og vingulvist og hinsvegar Víðikjarrvist, sem hafa “hátt” og “mjög hátt” verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum. Gróður meðfram árbökkum einkennist af Blómgresivist og Blómskógarvist, sem hafa annarsvegar “hátt” og hinsvegar “miðlungs hátt” verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum. <https://www.coe.int/en/web/bern-convention>

Inngangur

Verkfræðistofan Efla óskaði við Náttúrustofu Suðurlands eftir úttekt á fuglafánu og flóru Gaddstaðaejjar vegna áforma landeigenda um byggingu íbúðarhúsnæðis og baðstaðar í eyinni. Samkomulag um úttekt var gert 3. Mars 2024.

Aðferðir

Gaddstaðaej var heimsótt 4. júlí 2024. Sólríkur dagur, hálfskýjað og 14°C hiti og gola. Eyjan var skoðuð með sjónauka (10x) og fjarsjá (90x) frá vestari árbakkanum áður en vaðið var í eyna sjálfa. Allir sýnilegir fuglar voru taldir. Gengið var hringinn í kring um eyjuna um 15-20 m frá árbakka og allir fuglar taldir, en þannig náðist að skoða allt svæðið ágætlega. Flatarmál Gaddstaðaejjar var mælt upp sem 99 ha eða 0,99 km² í Google Earth. Vaðið var út í eyjuna frá veturbakka Rangár, rétt neðan við seiðaeldið sem þar er. Gróðurúttekt hófst kl. 12. Var gengið um eyjuna og gróðurtegundir myndaðar og skráðar. Vistgerðakort úr kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands var haft til hliðsjónar. Gróðurtegundir voru skráðar inn á loftmyndir af eyjunni. Flogið var með Mavic 3 Enterprise RTK dróna yfir eyjuna og hún mynduð úr 30 m flughæð og með 20° halla. Lokið er við að hanna þrívítt líkan af eyinni í Agisoft Metashape hugbúnaði. Ekkert búfé var sýnilegt.

Fuglafána

Alls sáust 244 fuglar af 16 tegundum (Tafla 1.). Tekið skal fram að er heppilegt að framkvæma fuglaathuganir fyrir 21. Júní, ef staðfesta á varp. Við vorum tveim vikum seinna á ferðinni vegna rysjóttis tíðarfars og gátum því ekki staðfest varp nema grágæsar (hreiður með fimm eggjum) og 31 ungar, og sílamáfs þar sem 13 ófleygir ungar sáust. Ein grágæsanna var með litmerki sem náðist að lesa af, og hafði verið merkt í nágrenninu. Skógarpröstur, hrossagaukur, og spói sýndu varpatferli (óðalsflug), en líklegt er að 1-2 þör skógarþrasta verpi a.m.k, meðan vaðfuglahreiðrin geta verið staðsett utan eyjarinnar. Aðrir fuglar sem sáust með strönd voru ýmist í fæðuleit eða áttu leið hjá, og líklegt að fleiri tegundir nýti árbakkana til fæðuleitar. Einnig sást kolla með sex litla unga (nokkurra daga) á mynd sem var tekin á vettvangi, en myndin er of óskýr til að greina á milli duggandar eða skúfandarkolla. Varp annarar hvorrar þessara tegunda í eygni (eða nágrenni) er því ekki útilokað .

Fuglategundir á Válista

Þrjár af 16 tegundum sem sáust eru á válista Náttúrufræðistofnunar (<https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>). 1. Duggönd er flokkuð í „hættu“ (IUCN: EN). 2. Tjaldur er flokkaður sem tegund í „nokkurri hættu“ (IUCN; VU). 3. Stelkur er flokkaður sem tegund í „yfirvofandi hættu“ (IUCN: NT). Staða óðinshana og sílamáfs héraendis hafa ekki verið metin vegna gagnaskorts. Þessir fuglar voru í fæðuleit og ekki með unga. Duggendurnar gætu orpið á svæðinu en stærð hópsins (16 fuglar) sem sást er líklegri til að hafa verið á leið um svæðið fremur en varpfuglar.

Tafla 1. Skrá yfir fugla þann 4. Júlí 2024.

Fuglategund	Fjöldi	Athugasemdir
Álft (<i>Cygnus cygnus</i>)	13 fullorðnar	Á flugi
Grágæs (<i>Anser anser</i>)	22 fullorðnar, 31 ungi	Hreiður m. 5 eggjum
Toppönd (<i>Mergus serrator</i>)	1 kolla	Við strönd
Stökkönd (<i>Anas platyrhynchos</i>)	3 kk og 1 kvk	Við strönd
Duggönd (<i>Aythya marila</i>)*	10 kk. & 6 kvk	Flugu upp á ánni við eyjuna
Sílamáfur (<i>Larus fuscus</i>)	48 fullorðnir, 13 ungar	Talið áður farið var í eyjuna
	Um 80 fullorðnir á flugi	20-40 varppör
Hettumáfur (<i>Larus ridibundus</i>)	1	Á flugi
Lóupræll (<i>Calidris alpina</i>)	1	Við strönd
Jaðrakan (<i>Limosa limosa</i>)	2	Á flugi
Tjaldur (<i>Haematopus ostralegus</i>)	3	Við strönd
Stelkur (<i>Tringa totanus</i>)	1	Við strönd
Hrossagaukur (<i>Gallinago gallinago</i>)	1	Óðalsflug, yfir eyju
Spói (<i>Numenius phaeopus</i>)	1	Vellandi, eyjan innan óðals
Óðinshani (<i>Phalaropus lobatus</i>)	3	Við strönd
Skógarpröstur (<i>Turdus iliacus</i>)	2	Syngjandi, og hættukall – Varp
Þúfuttlingur (<i>Anthus pratensis</i>)	1	Á flugi

*Ógreind andarkolla með 6 unga, líklega skúf- (*Aythya fugliqua*) eða duggönd.

Gróðurúttekt

Miðhluti eyjunnar stendur nokkuð hærra en svæðin næst ánni. Gróður er ólíkur á þessum tveimur svæðum. Gróðurþekja er þó nálægt 100% á báðum svæðum.

Á miðhlutanum er sílamáfa- og grágæsavarp. Þar er þýft graslendi og lávaxinn víðir, loðvíðir, fjallavíðir og gulvíðir, mosi víða í botninn. Erfitt var að fara langt inn á þetta svæði því fuglarnir vörðu hreiður sín og unga og voru nokkuð árásgjarnir. Það kom þó ekki að sök því svæðið virðist frekar einsleitt og kemur það vel fram á myndum teknum með dróna.

Vistgerð miðhluta eyjunnar flokkast sem Língresis- og vingulsvist og að einhverjum hluta sem Víðikjarrvist. Sú fyrrnefnda hefur "hátt" verndargildi og sú síðarnefnda hefur "mjög hátt" verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum frá 2014. Sjá nánar um þessar vistgerðir í viðauka.



Myndir frá miðhluta Gaddstaðaejjar.

Á lægri hlutum eyjunnar, næst ánni, er gróður mjög fjölbreyttur og mikil gróska og má segja að sá hluti eyjunnar sé að miklu leyti skógi vaxinn. Þar vex birki sem er orðið nokkuð hávaxið, einnig eru þar loðvíðir, fjallavíðir og gulvíðir. Greinilega eru þar líka tegundir sem hafa verið gróðursettar s.s. sitkagreni og sitkaelri.

Lággróðurinn á þessu svæði einkenndist af blómplöntum og ýmsum grastegundum. Á árbökkunum eru ætihvönn, hófsóley og hrossanál mjög áberandi og þar fyrir ofan tóku við birki, víðir, lyng, blóm, grös og starir. Mosi var víða í botninn.

Vistgerð eyjunnar við árbakkana flokkast sem Blómgresisvist og Blómskógavist. Sú fyrrnefnda hefur "miðlungs hátt" verndargildi og sú síðarnefnda hefur "hátt" verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum frá 2014. Sjá nánar um þessar vistgerðir í viðauka.



Myndir frá árbökkum Gaddstaðaeyjar.

Tafla 2. Skrá yfir tegundir á miðhluta eyjunnar. Raðað er gróflega eftir því hversu algengar og áberandi þær eru. Þrjú plúsar merkir algengustu tegundirnar en einn plús fyrir þær plöntur sem sjást aðeins á stöku stað. Plús í sviga er við þær tegundir sem einungis fundust á einum stað.

<u>BLÓMPLÖNTUR</u>		<u>TRJÁTEGUNDIR</u>	
mjaðjurt	++	gulvíðir	+++
geithvönn	++	loðvíðir	++
brennisóley	++	fjallavíðir	++
túnsúra	++	birki	+
ætihvönn	+	grasvíðir	+
vallhumall	+	rifsberjarunni**	(+)
gulmaðra	+		
hvítmaðra	+	<u>GRÖS OG STARIR</u>	
krossmaðra	+	hálíngresi	+++
hvítsmári	+	títulíngresi	+++
gullmura	+	túnvingull	+++
kornsúra	+	ilmreyr	+++
skarífífill	+	hrossanál,	+++
undafíflar	+	hálmgresi	++
blóðberg	+	stinnastör	++
hlíðamaríustakkur	+	vallarsveifgras	++
vætudúnurt	+	blávingull	++
hrafnaklukka	+	vallhæra	++
geldingahnappur	+	þursaskegg,	++
gleymmérey,	+	bugðupuntur	+
		mýrastör	+
<u>LYNG</u>		<u>ANNAÐ</u>	
Krækilyng	+	mosar*	+++
Bláberjalyng	+	klóelfting	+
		vallelfting	+
		engjaskófir	+
		hreindýrakraókar	+

*mest melagambri en einnig svarðmosi

** mjög líklega gróðursett tegund

Tafla 3. Skrá yfir tegundir við árbakkann. Raðað er gróflega eftir því hversu algengar og áberandi þær eru. Þrjú plúsar merkir algengustu tegundirnar en einn plús fyrir þær plöntur sem sjást aðeins á stöku stað. Plús í sviga er við þær tegundir sem einungis fundust á einum stað.

<u>BLÓMPLÖNTUR</u>		<u>TRJÁTEGUNDIR</u>	
ætihvönn	+++	birki	+++
hófsóley	+++	gulvíðir	++
smjörgras	+++	sitkagreni**	++
mjaðjurt	+++	loðvíðir	++
blágresi	+++	fjallavíðir	++
brennisóley	+++	sitkaelri**	++
geithvönn	+++	fjalldrapi	+
fjalldalaffill	++	grasvíðir	+
gulmaðra	++	ilmreynir	(+)
hvítmaðra	++		
krossmaðra	++	<u>GRÖS OG STARIR</u>	
hvítmári	++	stinnastör	+++
gullmura	++	mýrastör	+++
kornsúra	++	hrossanál,	+++
skarífífill	++	ilmreyr	+++
undafíflar	++	títulíngresi	+++
blóðberg	++	túnvingull	+++
hlíðamariústakkur	++	vallarsveifgras	++
lúpína	++	blávingull	++
túnsúra	++	vallhæra	++
vallhumall	++	þursaskegg,	++
mýrasóley	+	bugðupunktur	+
garðamariústakkur	+	gulstör	+
hrafnaklukka	+	móasef	+
geldingahnappur	+		
lyfjagras	+	<u>ANNAÐ</u>	
gleymmérey,	+	mosar*	+++
Jakobsfífill	+	klóelfting	++
vætudúnurt	+	vallelfting	++
kræklurót	(+)	engjaskófir	+
		hreindýrakraókar	+
<u>LYNG</u>			
Krækilyng	+++		
Bláberjalyng	+++		
Beitilyng	++		

*mest melagambri og svarðmosi, ** mjög líklega gróðursett tegund

Tafla 4. Gróðurvistgerðir, staðsetning og verndargildi þeirra skamkvæmt Bernarsamningnum 2014.

Gróðurvistgerð	Verndargildi
Miðja eyju	
Língresis- og Vingulvist	Hátt
Víðikjarrvist	Mjög hátt
Árbakkar	
Blómskógavist	Hátt
Blómgresisvist	Miðlungs hátt

Niðurstöður

Þrjár fuglategundir á Válista sáust en eru sennilega ekki varpfuglar. Um tíu grágæsapör og um 40 sílamáfapör eru algengastir varpfugla. Skógarpröstur, hrossagaukur og hugsanlega spói eru líklega varpfuglar, en aðeins eitt par utan skógarprasta sem eru a.m.k 2 pör og líklega fleiri. Utan þessa eru árbakkar eyjarinnar notaðir til fæðuöflunar af nokkrum tegundum (Tafla 1.) og að öllum líkindum fleiri tegundum vatnafugla. Gróðurlendi Gaddstaðaeyjar (1 km²) er tvískipt, miðja og strönd. Miðjuhlutin er mun stærri og eru einkennandi gróðurvistir Língresis- og vingulvist annarsvegar og hinsvegar Víðikjarrvist, sem hafa “hátt” og “mjög hátt” verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum (<https://www.coe.int/en/web/bern-convention>). Gróðurbelti meðfram árbökkum einkennist af Blómgresisvist og Blómskógarvist, sem hafa annarsvega “hátt” og “miðlungs hátt” verndargildi.

Viðaukar. Lýsingar á gróðurvistgerðum frá Náttúrufræðistofnun Íslands

Lýsing Língresis- og vingulsvist frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

<https://www.ni.is/is/leit?searchall=%22l%C3%ADngresis-+og+vingulsvist%22>

L9.6 Língresis- og vingulsvist

Lýsing

Gróskumikið graslendi vaxið hálíngresi, túnvingli og fleiri graslendistegundum. Vistgerðin finnst á deigu til þurru landi í brekkum og brekkurótum en einnig á flatlendi, m.a. á framræstu landi. Jarðvegur er þykkur og frjósamur. Land er mjög vel gróið, gróður í meðallagi hár, æðplöntur eru ríkjandi og mosi nokkur í sverði. Mjög lítið er um fléttur.

Plöntur

Vistgerðin er miðlungi rík af æðplöntutegundum en frekar fátæk af mosum. Ríkjandi tegundir æðplantna í vistgerðinni eru hálíngresi (*Agrostis capillaris*) og túnvingull (*Festuca rubra* subsp. *richardsonii*). Algengastir mosa eru engjaskraut (*Rhytiadelphus squarrosus*), tildurmosi (*Hylocomium splendens*) og móasigð (*Sanionia uncinata*) en af fléttum finnst helst himnuskóf (*Peltigera membranacea*).

Jarðvegur

Áfoksjörð er ríkjandi en einnig finnst lífræn jörð. Jarðvegur er þurr til lítilsháttar deigur, þykkur, miðlungi ríkur af kolefni og sýrustig er frekar lágt.

Fuglar

Ríkt fuglalíf, algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*).

Líkar vistgerðir

[Stinnastararvist](#), [blómgresisvist](#) og [bugðupuntsvist](#).

Útbreiðsla

Mjög algeng og útbreidd vistgerð sem finnst á láglandi í öllum landshlutum, mest á hlýrri svæðum landsins á Suðurlandi og Mið-Norðurlandi.

Verndargildi

Hátt. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Lýsing Víðikjarrvist frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/vidikjarrvist>

L10.10 Víðikjarrvist

Lýsing

Purrt til deigt gróskumikið kjarrlendi á láglandi, í brekkurótum og hlíðum og á gróðursælum stöðum til fjalla, vaxið gulvíði, loðvíði, krækilyngi og fleiri mólendistegundum. Land er vel gróið, gróður fremur hávaxinn, æðplöntur eru ríkjandi, mosar allmiklir en fléttur fremur rýrar. Hvönn og annar hávaxinn blómgróður eins og blágresi og burnirót eru sums staðar áberandi.

Plöntur

Vistgerðin er mjög rík af tegundum, einkanlega æðplöntum en af þeim telst hún ríkust allra vistgerða. Ríkjandi tegundir æðplantna í vistgerðinni eru bláberjalýng (*Vaccinium uliginosum*), krækilyng (*Empetrum nigrum*), fjalldrapi (*Betula nana*), loðvíðir (*Salix lanata*) og gulvíðir (*S. phylicifolia*). Algengastir mosa eru móasigð (*Sanionia uncinata*), tildurmosi (*Hylocomium splendens*), engjaskraut (*Rhytidiadelphus squarrosus*), jarphaddur (*Polypodium juniperinum*) og melagambri (*Racomitrium ericoides*), en algengustu fléttur eru fjallagrös (*Cetraria islandica*), kvistagrös (*C. sepincola*), vikurbreyskja (*Stereocaulon alpinum*) og torfubikar (*Cladonia pocillum*).

Jarðvegur

Áfoksjörð er ríkjandi en einnig finnst lífræn jörð. Jarðvegur er víðast þurr en getur einnig verið deigur, hann er þykkur, miðlungi ríkur af kolefni og sýrustig er í meðallagi.

Fuglar

Ríkt fuglalíf, algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), skógarþröstur (*Turdus iliacus*) og grágæs (*Anser anser*).

Líkar vistgerðir

Kjarrskógavist, fjalldrapamóavist og lyngmóavist á láglandi.

Útbreiðsla

Á láglandi og lágheiðum um allt land, þar sem sauðfjárbreit er lítil eða engin. Algengust á Suðurlandi, Vestfjörðum, Norðausturlandi og Austurlandi.

Verndargildi

Mjög hátt. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Lýsing Blómskógasvist frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/blomskogavist>

L11.3 Blómskógavist

Lýsing

Allhávaxnir (hæstu tré >10 m) og gróskumiklir birkiskógar með blágresi og grösum ríkjandi á skógarbotni, á þurru til lítilsháttar deigu, flötu til hallandi landi, á sléttlendi, í dalbotnum og neðanverðum hlíðum. Yfirborð er óslétt og oft nokkuð mishæðótt. Gróðurþekja er mjög þétt og lagskipt, birkikróna er nokkuð samfelld, þekja æðplantna á skógarbotni mikil, mosar áberandi í svarðlagi en lítið um fléttur á skógarbotni.

Plöntur

Vistgerðin er miðlungi rík af æðplöntutegundum, mosategundir fremur fáar og fléttur mjög fáar. Birki (*Betula pubescens*) er ríkjandi tegund, en í undirgróðri ber mest á grösum, blómgróðri og mosum. Ríkjandi tegundir æðplantna í undirgróðri eru blágresi (*Geranium sylvaticum*), bugðupuntur (*Deschampsia flexuosa*) og hálíngresi (*Agrostis capillaris*). Ríkjandi mosategund í sverði er tildurmosi (*Hylocomium splendens*), en einnig er mikið um runnaskraut (*Rhytidiadelphus triquetrus*), engjaskraut (*R. squarrosus*) og móasigð (*Sanionia uncinata*). Af fléttum í undirgróðri finnast helst tegundirnar himnuskóf (*Peltigera membranacea*) og snepaskóf (*Parmelia saxatilis*).

Jarðvegur

Áfoksjörð er ríkjandi jarðvegsgerð og er jarðvegur fremur þykkur, miðlungi ríkur af kolefni, sýrustig er í meðallagi.

Fuglar

Ríkulegt fuglalíf, algengustu varpfuglar eru skógarpröstur (*Turdus iliacus*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), auðnutittlingur (*Carduelis flammea*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) og músarrindill (*Troglodytes troglodytes*).

Líkar vistgerðir

[Lyngskógavist](#) og [kjarrskógavist](#).

Útbreiðsla

Finnst í öllum landshlutum á láglendi. Einkum í dalbotnum og brekkurótum þar sem jarðvegur er frjósamur. Mest er af þessari skógargerð á suðurhluta landsins, þar sem úrkoma er ríkuleg og þykkur áfoksjarðvegur.

Verndargildi

Hátt. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Lýsing Blómgresisvist frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/blomgresisvist>

L9.7 Blómgresisvist

Lýsing

Blómrikt, gróskumikið graslendi eða jurtastóð í skjólsælum og sólríkum hlíðum og brekkum, mót suðri- og suðvestri. Land í litlum til allmiklum halla. Það er vel gróið og gróður er nokkuð hávaxinn. Æðplöntupekja er mikil og mosalag er einnig þétt, en mjög lítið er um fléttur.

Plöntur

Vistgerðin er rík af tegundum æðplantna og mosa. Ríkjandi tegundir æðplantna eru krossmaðra (*Galium boreale*), hálingresi (*Agrostis capillaris*) og vallefthing (*Equisetum pratense*). Algengastir mosa eru engjaskraut (*Rhynchospora squarrosus*), móasigð (*Sanionia uncinata*), tildurmosi (*Hylocomium splendens*), geirmosi (*Calliergonella cuspidata*) og fjaðurgambri (*Racomitrium elongatum*). Af fléttum finnst helst engjaskóf (*Peltigera canina*).

Jarðvegur

Áfoksjörð er einráð, jarðvegur er þykkur, miðlungi ríkur af kolefni og sýrustig frekar lágt.

Fuglar

Talsvert fuglalíf, algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) og hrossagaukur (*Gallinago gallinago*).

Líkar vistgerðir

Língresis- og vingulsvist, sjávarkletta- og eyjavist og snarrótarvist.

Útbreiðsla

Vistgerðin finnst á hlýjum og skjólsælum stöðum á láglandi, er algengust á Suðurlandi og í dölum vestan-, norðan- og austanlands.

Verndargildi

Miðlungs. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.